

Mál nr. 81/2010

**M
og
vátryggingafélagið X v/ frítímaslysatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu frítímaslysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 8.3.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 20.3.2010, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 17.8.2009 var S, syni M, ráðinn bani með því að banamaður hans, B, sló hann minnst fimm þungum höggum með tréborði og vöfflujárni í höfuðið. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness 30.11.2009 var B dæmdur til 16 ára fangelsisvistar fyrir verknaðinn. B var talinn sakhæfur, en samkvæmt frásögn hans sjálfs virðist hann ekki hafa verið með sjálfum sér á verknaðarstund vegna langvarandi áfengis- og fíkniefnaneyslu.

M hefur krafist bóta vegna andláts S úr frítímaslysatryggingu í fjölskyldutryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með vísan til gr. 4.13. í vátryggingarskilmálum um að félagið greiði ekki bætur vegna slysa sem verða beint eða óbeint vegna geðveiki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.13 í skilmálum slysatryggingarinnar greiðir félagið ekki bætur vegna slysa sem verða “beint eða óbeint vegna blindu, mikillar nær- eða fjarsýni, sjóndepru, heyrnardeyfðar, lómunar, bæklunar, geðveiki, flogaveiki, heilaáfalls, hjartaáfalls, sykursýki eða annarra alvarlegra sjúkdóma eða veiklunar.” Þegar undanþáguákvæði þetta er virt í heild verður að telja alveg ljóst að því verður einungis beitt þegar slys verður sökum þess að vátryggður býr við einhvern þann heilsubrest sem lýst er í ákvæðinu. Það getur ekki átt við um heilsufar B á þeirri stund er hann réð S bana. Ekkert liggur fyrir í málinu um að slysið hafi orðið sökum þess að heilsa S hafi verið með þeim hætti sem lýst er í téðu ákvæði. M verður því talin eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni vegna andláts S.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysatryggingu í fjölskyldutryggingu hjá X vegna andláts S.

Reykjavík, 20. apríl 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.